Siðareglur birgja

Markmið

Markmið reglnanna er að leggja fram áherslur Stefnis tengdar birgjum og gagnsæi í innkaupum og þjónustu. Stefnir leggur ríka áherslu á fylgni við lög, reglur og siðferðisleg gildi í starfsemi sinni og vill eiga viðskipti við birgja sem deila gildunum okkar. Siðareglum þessum er ætlað að varpa ljósi á það hvaða kröfur eru gerðar til birgja Stefnis er varðar umhverfið, fjölbreytileika og mannréttindi og stjórnarhætti. Birgjar eru samkvæmt reglum þessum þau fyrirtæki og einstaklingar sem sjá Stefni fyrir vörum og þjónustu.

Stefnir hefur sett sér um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð og gildir hún um alla starfsemi félagsins. Með fyrrnefndri stefnu hefur Stefnir ákveðið að styðja sérstaklega við eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og leitast félagið við að haga innkaupum sínum í samræmi við þau:

- Markmið 5: Jafnrétti kynjanna
- Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur
- Markmið 10: Aukinn jöfnuður
- Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum
- Markmið 17: Samvinna um markmiðin

Umhverfi

- Birgjar skilgreini umhverfisáhættur af starfsemi þeirra.
- Vinni að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni.
- Starfi samkvæmt viðeigandi lögum og reglum.
- Gera það sem í þeirra valdi stendur til að skuldbindingum og markmiðum Parísarsamkomulagsins verði náð.

Fjölbreytileiki og mannréttindi

- Birgjar tryggi jöfn tækifæri og kjör starfsfólks óháð uppruna, þjóðernis, trúar, kyns, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar eða annarrar stöðu og starfi samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði.
- Tryggja að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eða önnur mismunun séu ekki liðin í sinni starfsemi.
- Virði alþjóðleg mannréttindi í allri sinni starfsemi.
- Virði félagafrelsi og kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks.
- Tryggi að starfsfólk vinni störf sín af fúsum og frjálsum vilja og án nauðungar.
- Fari eftir lögum og reglum um réttindi barna, þar á meðal sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Í því felst til að mynda að tryggja að börn undir 18 ára sinni ekki störfum sem geta ógnað heilsu þeirra og/eða öryggi og virða rétt þeirra til þroska, velferðar og menntunar.

- Vinni gegn mútum og spillingu og bjóða engum hvatagreiðslur og/eða annars konar umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til í skiptum fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi.

Stjórnarhættir

- Vinni gegn mútum og spillingu og bjóða engum hvatagreiðslur og/eða annars konar umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til í skiptum fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi.
- Birgjar setji sér siðareglur og birti opinberlega. Gera sambærilegar kröfur til sinna birgja og undirverktaka varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og koma fram í þessum siðareglum.

.

Verklag

Birgjar Stefnis sem velta yfir 10 m.kr. vegna viðskipta við félagið skulu upplýstir um þessar siðareglur. Stefnir heldur skrá um þá birgja sem uppfylla fyrrnefnd veltufjárviðmið. Stefnir skal hafa frumkvæðið að því að upplýsa birgja um reglurnar ef breyting verður á samningssambandi Stefnis við þjónustuaðila eða ef veltufjármið þeirra kunna að breytast.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að reglunum sé fylgt eftir og skal hann bregðast við frávikum með viðeigandi hætti. Reglunum er einnig ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan félagsins og hún gildir um alla starfsemi þess.

Endurskoðun reglna, birting og gagnsæi

Þessar reglur og markmið þeirra eru endurskoðuð eins of og þurfa þykir þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og birtar á vefsíðu félagsins